

Fundur með fjallskilastjórum í Húnabyggð 22/04/24



Mættir: Helgi Páll Gíslason, Guðmundur Rúnar Halldórsson, Hilmar Smári Birgisson og Pétur Arason.

Anna Margrét Jónsdóttir boðaði forföll.

Fundurinn hófst klukkan 16:00 og Pétur Arason sveitarstjóri ritaði fundargerð

1. Girðingamál

Rætt var um framkvæmdir síðasta árs sem tókust vel og kostnaður var svipaður og fyrri ár. Mikil vinna fór í að kortleggja girðingar með gps hnitum og er sú vinna langt komin og áætlað er að klára það verkefni á þessu ári. Ræddar voru helstu áherstur í girðingamálum og ein nýgirðing verður gerð á þessu ári í Víðidalsfjalli en að öðru leiti verður um viðhald á núverandi girðingum að ræða og áformað er að hefja niðurrif á girðingum sem ekki þjóna tilgangi sínum og eru orðnar hættulegar skepnum og mönnum.

2. Önnur mál

Styrkvegaframkvæmdir voru ræddar og fyrirséð er að einhverjar framkvæmdir verða á þessu ári og þá helst á Grímstunguheiði. Rætt var um að merkja betur hlið á afréttum, þannig að ferðmenna og hestamenn loki á eftir sér þegar hlið eru notuð. Þá var einnig rætt að útbúa merkingar á dilka í réttum þannig að auðvelt sé að merkja dilka og breyta merkingum á dilkum.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 17:30.

Helgi Páll Gíslason

Guðmundur Rúnar Halldórsson

Hilmar Smári Birgisson

